

19. Fundur hverfisnefndar Lunda- og Gerðahverfis 03.04.2007:

Mættir: Aðalgeir Pálsson, Ingibjörg Baldursdóttir, Ingvar Þóroddsson.

1. Samþykkt að leita til Sjóvá um styrk til kaupa á endurskinsmerkjum. Aðalbirni var falið verkefnið.
2. Ákveðið að halda áfram leit að styrktaraðilum í hraðamæli og hafa samband við Nýherja og e.t.v. fleiri fyrirtæki, Bryndís heldur utan um það.
3. Ákveðið að senda bæjaryfirvöldum bréf og óska eftir samstarfi um aðgerðir til að draga úr umferðarhraða með kaupum á hraðamæli.
4. Ákveðið að halda umhverfisdag og hátíð í hverfinu laugardaginn 2. júní og biðja Þórhildi skólastjóra að setja tilkynningu um það á heimasíðu Lundarskóla.
5. Ákveðið að fela Ingvari, Ólafi og Aðalbirni að biðja fyrirtæki að gefa veitingar á hverfishátíðina .
6. Ákveðið að leita til leikskóla um samstarf við hátíðina og mun Sædís sjá um það.
7. Ákveðið að hafa samband við Olgu Ásrúnu Stefánsdóttur varðandi þátttöku aldraðra í umhverfisdeginum. Ingvar sér um það.
8. Ákveðið að hefja leit að góðum stjórnanda fyrir hátíðina.
9. Ákveðið að biðja formenn foreldrafélaga og skólastjóra að boða til fundar með stjórnnum foreldrafélaga, bekkjafulltrúum og hverfisnefnd eftir páska.
9. Næsti fundur ákveðinn 24. apríl.

Fundi slitið.

Ritari, Ingibjörg.